



# Sjúkrahúsið á Akureyri

Ársrit 2015

## Efnisyfirlit

Fylgt úr hlaði - Miðdepill alls okkar starfs .....	3
Þættir úr starfseminni - Aukning á nær öllum sviðum starfseminnar .....	4-6
Markvert á árinu .....	7
Skipurit .....	8
Í hverjum mánuði .....	9
Hlutverk – Framtíðarsýn .....	10
Gildi – Gæðavísar .....	11
Horft til framtíðar .....	12-13
Tölulegar upplýsingar .....	14-17
Umhverfisstefna .....	18
Ársreikningur .....	19
Áritun framkvæmdarstjórnar og endurskoðenda .....	20
Rekstrarreikningur ársins 2015 .....	21
Efnahagsreikningur 31. desember 2015 .....	22
Skýringar .....	23
Rekstarkostnaður starfseininga .....	24
Samandreginn rekstrarreikningur á fjárlaganúmer .....	25
Samanburður rekstrar og áætlunar .....	26
Yfirlit um starfsemi .....	27

### Um ársritið:

Í riti þessu er fjallað um valda þætti úr starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri í máli og myndum, með það að markmiði að gefa lesendum innsýn í það öfluga og margþætta starf sem hér er unnið. Þeir sem vilja fræðast nánar um starfsemi einstakra deilda, skýrslu framkvæmdastjórnar og helstu ráða sjúkrahússins, geta nálgast eiginlega ársskýrslu stofnunarinnar í netútgáfu á slóðinni [www.fsa.is](http://www.fsa.is)

Útgefandi: Sjúkrahúsið á Akureyri, maí 2016

Ábyrgðarmaður: Bjarni Jónasson, forstjóri

Umsjón & textagerð: Sjúkrahúsið á Akureyri & FREMRI Almannatengsl

Prófarkalestur: FREMRI Almannatengsl

Ljósmyndir: Íris Hrönn Kristinsdóttir. Aðrir eiga þrjár myndir í skýrslunni.

Umbrot & prentvinnsla: Ásprent

## Miðdepill alls okkar starfs

Undanfarin ár hefur Sjúkrahúsið á Akureyri náð að sækja fram á ýmsum sviðum. Árið 2015 markar ákveðin þáttaskil í þeirri sókn. Sjúkrahúsið hlaut alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni, fyrst íslenskra heilbrigðisstofnana. Um er að ræða fyrsta áfangann á langri vegferð og er afrakstur mikillar vinnu stjórnenda og starfsfólks sjúkrahússins á undanförunum misserum. Á árinu var jafnframt kynnt skýrsla vinnuhóps um uppbyggingu legudeilda við sjúkrahúsið. Niðurstaðan er að byggja þurfi 8.500 metra hús á þremur hæðum og hefur heilbrigðisráðherra þegar lýst yfir vilja sínum til að vinna áfram að framgangi þessa máls. Hér er um merka áfanga að ræða í tveimur stórum stefnumálum sjúkrahússins.

Margt fleira gefur tilefni til aukinnar bjartsýni. Þjónusta sjúkrahússins var aukin á ýmsum sviðum á árinu: Endurbætt bráðamóttaka, sameinuð móttaka myndgreiningadeildar og bráðamóttöku, stofnun innkirtlateymis, blóðskilun fyrir nýrnasjúklinga, móttaka fyrir langvinna lungnasjúkdóma og hjartveika sem og aukin aðstoð við þolendur ofbeldis. Allt eru þetta breytingar sem byggja á teymisvinnu og þverfaglegu samstarfi starfsfólks og miða að einu og sama marki, þ.e. að veita enn betri þjónustu en áður. Hjá okkur er sjúklingurinn í brennidepli – hann er miðdepill alls okkar starfs.

Sjúkrahúsið varð á árinu aðili að formlegu samstarfi um framhaldsnám í lyflækningum á Íslandi með Landspítalanum og Royal College of Physicians. Námslæknum gefst þar með tækifæri til að sinna námi sínu að hluta hér nyrðra sem styrkir sjúkrahúsið enn frekar í sessi sem kennslusjúkrahús.

Til að viðhalda því góða starfi sem hér er unnið er forgangsráði að allar stöður við sjúkrahúsið séu vel mannaðar. Áskorun hefur einkum verið við mönnun á stöðum sérfræðinga, unglækna og hjúkrunarfræðinga. Nokkur árangur náðist í þessum efnum á árinu en betur má ef duga skal.


Í drögum að að nýrri heilbrigðisstefnu er gert ráð fyrir því að Sjúkrahúsið á Akureyri verði leiðandi á sviði fjarheilbrigðisþjónustu. Nefnd, sem heilbrigðisráðherra skipaði um málið, mun skila tillögum sínum innan skamms. Þetta er rökrétt framhald af auknu samstarfi heilbrigðisstofnana á Norður- og Austurlandi, sem sjúkrahúsið hefur beitt sér fyrir og tekið virkan þátt í undanfarin ár. Mikil reynsla og þekking er til staðar hér á svæðinu af notkun fjarþjónustu og þeirri tækni sem henni fylgir.

Þegar litið er til framtíðar eru sóknarfærin mörg og þau ætlum við að nýta. Við munum byggja á þeim mikla mannauði og sérfræðiþekkingu sem er til staðar í samhentum hópi stjórnenda og starfsfólks sjúkrahússins. Leiðarljósið er sem fyrr að veita skjólstæðingum okkar bestu fánalega þjónustu. Það viljum við gera með því að nýta alla þá tækni og þekkingu sem til staðar er á þjóðhagslega hagkvæman hátt.

Ég þakka stjórnendum og starfsfólki Sjúkrahússins á Akureyri samstarfið á árinu. Við fögnum þeim árangri sem náðst hefur en höldum áfram að sækja fram, með velferð og öryggi skjólstæðinga sjúkrahússins að leiðarljósi.



Bjarni Jónasson, forstjóri



*Pættir úr starfseminni*



**Rekstrargjöld,  
milljónir**



**Sjúkraflug**



## Ár aukinnar þjónustu og merkra áfanga

Hækkun framlaga í fjárlögum annað árið í röð gerði Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) kleift að halda uppi góðri þjónustu á öllum sviðum starfseminnar. Þessi viðbót skapaði jafnframt rými til að auka þjónustu og bæta mönnum þar sem þörfin var mest. Verkföll nokkurra starfsstétta höfðu talsverð áhrif á starfsemina í nokkrar vikur á árinu. Þó var málum þannig fyrirkomið að öryggi sjúklinga var tryggt og engir hlutu skaða af.

### Vöxtur á ýmsum sviðum

Starfsemi var að jafnaði meiri en árið á undan á mörgum sviðum þrátt fyrir verkföll. Bráðastarfsemi hélt áfram að aukast. Komum á bráðmóttöku fjölgaði um 2% og sjúkraflugum um 60 og voru 597 sem er um 11% aukning milli ára. Á lyflækningadeild voru legudagar 7% fleiri en árið 2014 og fjölgaði sjúklingum þar um 9%, á gjörgæsludeild voru legudagar ríflega 11% fleiri en sjúklingafjöldi var óbreyttur milli ára. Þá fjölgaði legudögum um 5% á skurðlækningadeild. Þrátt fyrir fjölgun legudaga á þessum einingum þá var heildarfjöldi legudaga 1% minni en 2014 og fjöldi sjúklinga á legudeildum nánast hinn sami. Munar þar mest um fækkun legudaga á Kristnesspítala og fæðingadeild en fæðingar voru 377 og fækkaði um rúm 14% frá fyrra ári. Fæðingar hafa ekki verið færri frá árinu 1987. Meðallegutími var 5,0 dagar, hinn sami og árið áður.

Komum sjúklinga á dagdeildir fjölgaði um 10% og einingar vegna ferliverka voru 769 þúsund og fjölgaði um 27 þúsund en lítilsháttar samdráttur varð í annarri göngudeildarstarfsemi. Skurðaðgerðum fækkaði um 0,8%, myndgreiningum fjölgaði um 5,3% og aukning varð í rannsóknnum í lífeðlisfræði en almennum rannsóknnum fækkaði um 2,2% á milli ára.

### Rekstur í jafnvægi

Fjárveiting ríkissjóðs til rekstrar á árinu var 6.077,5 milljónir og hækkaði um 10% miðað við fyrra ár. Rekstrarafkoma ársins var í jafnvægi, tekjuhalli í lok árs varð 8,5 milljónir króna eða 0,1% miðað við fjárlög.

Laun og launatengd gjöld voru 4.895,7 milljónir og hækkuðu um 12,7% á milli ára. Launakostnaður fór 30 milljónir fram úr ætlan eða 0,6% og er það að mestu leyti vegna útkalla sem fjölgaði töluvert frá fyrra ári. Verkföll heilbrigðisstétta og nýir kjarasamningar höfðu einnig áhrif á launakostnað.

Á árinu störfuðu 830 einstaklingar við stofnunina og er það 17 fleiri en árið áður. Karlar voru 147 og konur 683. Setnar stöður voru að meðaltali 457,9 og fjölgaði um 10 frá fyrra ári eða um 2,2%. Heildarfjárhæð greiddra launa nam 3.916 milljónum króna. Árslaun á hverja stöðu voru að meðaltali 8,5 milljónir.

Almenn rekstrargjöld námu 1.485 milljónum króna og hækkuðu alls um 4,9% milli ára. Til sam-



anburðar hækkaði vísitala neysluverðs um 2,7%. Sértekjur námu 756,7 milljónum og hækkuðu um 3,3% á milli ára. Heildarútgjöld vegna reksturs á árinu voru 6.843 milljónir króna og hækkuðu um 9,12% milli ára. Reksturinn fór 9,5 milljónir króna fram úr áætlun eða 0,2% miðað við fjárveitingu. Í árslok var höfuðstóll neikvæður um 75 milljónir króna.

## Viðamiklar endurbætur á húsnæði

Lokið var við viðamiklar breytingar á bráðamóttöku og myndgreiningadeild sem hófust á árinu 2014. Gerðar voru umtalsverðar lagfæringar á húsnæði skurðstofu og á svæfinga- og gjörgæsludeild. Verulegum fjárhæðum var varið til endurbóta á loftræsibúnaði og vegna brunavarna í kjarnabyggingu og lagfæringar voru gerðar á húsnæði Kristnesspítala. Kostnaður við endurbætur á húsnæði námu 203 milljónum á árinu.

Fjárveiting til tækjakaupa lækkaði um 83 milljónir frá fyrra ári í samræmi við áætlun sem gerð var í samvinnu við velferðarráðuneytið. Keypt var stafrænt gegnumlýsingartæki og ýmis búnaður á myndgreiningadeild, ný tæki á rannsóknadeild, svæfinga- og gjörgæsludeild, barnadeild og skurðstofu, auk annars búnaðar.

Á árinu voru keypt tæki og búnaður að andvirði 20 milljónir króna fyrir tilstilli Gjafasjóðs. Helstu kaup á árinu voru speglunarbúnaður, speglunartæki og augnlækningatæki sem keypt voru fyrir söfnunarfé að tilstuðlan Hollvinasamtaka SAK, sem hafa unnið ótulllega að fjáröflun. Ýmis önnur félög og einstaklingar hafa látið fé af hendi rakna til Gjafasjóðs eða fært sjúkrahúsínu gjafir. Starfsmenn sjúkrahússins færa öllum velunnurum sjóðsins bestu þakkir fyrir.

## Aukin þjónusta

Þjónusta sjúkrahússins var aukin á ýmsum sviðum á árinu. Innkirtlateymi var stofnað í mars og er um þverfaglega starfsemi að ræða. Teymið þjónar sjúklingum með alvarlega og langvinna innkirtla-sjúkdóma. Í sama mánuði var í fyrsta skiptið boðið upp á blóðskilun fyrir sjúklinga með endastigs nýrnabilun, sem hafa fram að þessu þurft að sækja meðferðina á Landspítala.

Á lyflækningadeild var stofnuð móttaka fyrir langvinna lungnasjúkdóma og fyrir hjartveika. Sú starfsemi er enn mjög lítil en mun væntanlega styrkjast á næstu árum. Þá fékk geðdeild aukið framlag til að fjármagna nýja stöðu sálfræðings í því skyni að bæta aðstoð og meðferð við þolendur ofbeldis. Sálfræðingur var ráðinn til að sinna þessum málum og komið var á meiri samvinnu við bráðamóttöku og aðrar utanaðkomandi stofnanir sem sinna þessum málaflokki.

## Framhaldsmenntun í lyflækningum

Sjúkrahúsið tók upp formlegt samstarf um framhaldsnám í lyflækningum á Íslandi með samstarfi við Landspítala og Royal College of Physicians. Boðið er upp á fyrri hluta sérnáms á Íslandi sem taka mun þrjú ár, en frekara sérnám verði erlendis. Hafa námslæknar því tækifæri til að sinna námi sínu á báðum sjúkrahúsunum sem styrkir Sjúkrahúsið á Akureyri enn frekar sem kennslusjúkrahús.

## Skurðaðgerðir



2.821



## Komur á bráðamóttöku



16.500





*Pættir úr starfseminni*

**Myndgreininga-  
rannsóknir**



**29.700**



**Fæðingar**



**377**

**Endurbætt bráðamóttaka**

Endurbætt bráðamóttaka og sameinuð móttaka myndgreiningadeildar og bráðamóttöku var formlega tekin í notkun í byrjun september. Jafnframt hefur verið tekið í notkun nýtt forgangsröðunarkerfi sem miðar að bættu flæði og auknu öryggi sjúklinga. Einnig var formlega tekið í notkun nýtt sjúklingavöktunarkerfi inni á bráðamóttöku sem er gjöf frá Oddfellowreglunni. Segja má að um byltingu sé að ræða, bæði hvað varðar aðkomu og öryggi skjólstæðinga og ekki síður vinnuáðstöðu starfsfólks.

**Alþjóðleg vottun starfseminnar**

Sjúkrahúsið á Akureyri hlaut á árinu alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni, fyrst íslenskra heilbrigðisstofnana og raunar á öllum Norðurlöndunum. Vottunaraðilinn er alþjóðlega fyrirtækið DNV GL. Þetta er fyrsti áfanginn á leið til vottunar sjúkrahússins samkvæmt ISO 9001:2015 staðlinum sem stefnt er að árið 2017.

Megin drifkrafturinn í þessari vegferð sjúkrahússins, sem hlotið hefur nafnið Gæðingurinn, er aukið öryggi og þjónusta við sjúklinga sem og bætt starfsaðstaða.

**Nýbygging legudeilda**

Þann 9. október var heilbrigðisráðherra afhent skýrsla vinnuhóps um uppbyggingu legudeilda við Sjúkrahúsið á Akureyri. Í skýrslunni kemur fram að nýbygging sé eini raunhæfi kosturinn til að leysa þann vanda sem við blasir í húsnæðismálum sjúkrahússins. Byggja þurfi þriggja hæða hús, alls um 8.500 m<sup>2</sup> og er kostnaður gróflega metinn um 5 milljarðar króna. Heilbrigðisráðherra sagði við þetta tækifæri að farið yrði í að meta tillögur hópsins og næstu skref í þessu brýna en viðamikla verkefni.

**Góðar horfur**

Það má segja að árið 2015 hafi verið ár aukinnar þjónustu á ýmsum sviðum og merkra áfanga í sögu SAK, bæði með fyrsta áfanga að gæðavottuninni sem og áfanga að nýbyggingu legudeilda.

Þegar litið er til ársins 2016 eru horfur góðar. Á fjárlögum voru veittar 35 milljónir til að styrkja rekstrargrunn sjúkrahússins. Sjúkrahúsið tekur þátt í átaki heilbrigðisráðherra til styttingar á biðlistum og unnið verður að endurbótum á húsnæði og endurnýjun tækja í samræmi við áætlun. Þá verður áfram unnið ótulllega að gæðamálum. Starfsemi fyrsta ársfjórðungs er að mestu í samræmi við áætlun. Sjúklingum hefur fjölgað, bæði á legudeildum og dagdeildum og skurðstofustarfsemi hefur aukist um 18% vegna átaks í styttingu biðlista.

Af framansögðu er ljóst að sú sókn, sem hófst í rekstri Sjúkrahússins á Akureyri á árinu 2014 eftir mörg mögur ár, er enn í fullum gangi. Það er sannarlega bjart framundan.



## Markvert á árinu 2015

### Janúar

- ♦ Trúarleg þjónusta 20 ára
- ♦ Námskeið í sérhæfðri endurlífgun II (ALS)

### Febrúar

- ♦ Viðbragðsáætlun við ebólu samþykkt
- ♦ Vefsíða Gæðingsins opnuð
- ♦ Framtíðarsýn í tölvu- og upplýsingatæknimálum kynnt
- ♦ Rafrænar beiðnir um sjúkraþjálfun og iðjupjálfun í Sögu-kerfinu innleiddar
- ♦ Innkirtlateymi tekur til starfa

### Mars

- ♦ Blóðskilunarmeðferð tekin upp
- ♦ Aðalfundur Glaums, starfsmannafélags Sjúkrahússins á Akureyri

### Apríl

- ♦ Svæfinga- og gjörgæsludeild og Kristnesspítali fá góðar gjafir
- ♦ Verkföll heilbrigðisstarfsmanna innan BHM hefjast

### Maí

- ♦ Aukin þjónusta við þolendur ofbeldis með sérstakri fjárveitingu
- ♦ Gæðaverðir og gæðaráð hljóta hvatningarverðlaun sjúkrahússins
- ♦ 35 ár síðan fyrsta ristilspeglunin var framkvæmd á Sjúkrahúsinu á Akureyri
- ♦ Hjúkrunarfræðingar fara í verkfall
- ♦ Hollvinir SAK afhenda tækjagjafir

### Júní

- ♦ Útskrift frá Sjúkraflutningaskólanum

### Júlí

- ♦ Sumarstarfsemi í hámarki

### Ágúst

- ♦ Öryggisstjóri sjúkrahússins tekur til starfa
- ♦ Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowreglunnar afhendir bráðamóttöku nýtt og fullkomið sjúklingavöktunarkerfi

### September

- ♦ Opnun endurnýjaðs húsnæðis bráðamóttökunnar auk sameiginlegrar móttöku myndgreiningadeildar og bráðamóttöku
- ♦ Framhaldsnám í lyflækningum tekið upp í samstarfi við Landspítala og Royal College of Physicians
- ♦ Úttekt DNV GL á gæðakerfi sjúkrahússins
- ♦ Vísindadagur Sjúkrahússins á Akureyri og Heilbrigðisvísindastofnunar Háskólans á Akureyri

### Október

- ♦ Öldrunarlækningaþjónusta 20 ára
- ♦ Heilbrigðisráðherra afhent skýrsla vinnuhóps um uppbyggingu nýrrar legudeildarálmu
- ♦ Árshátíð haldin
- ♦ Skjólstæðingum sjúkrahússins stendur til boða gistinguþjónusta á Akureyri með greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands (sjúkrahótel)
- ♦ Verkfall hjá Sjúkraliðafélagi Íslands og SFR, Starfsmannafélagi í almannaðjónustu

### Nóvember

- ♦ Starfsánægjukönnun og starfsmannafundur á deildum
- ♦ Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis afhendir nýtt, fullkomið ómtæki til brjóstarránsókna

### Desember

- ♦ Dagur Sjúkrahússins á Akureyri í umsjón Hollvinasamtaka SAK og Glaums
- ♦ Hollvinir SAK afhenda ný sjúkrarúm á legudeild geðdeildar og aðrar gjafir á Kristnesspítala og almennu göngudeildina

Setnar  
stöður



458




Legudagar  
á legudeildum



29.100







## Í hverjum mánuði voru að meðaltali:\*

32	skráð atvik
9	helgistundir haldnar
227	komur á almenna göngudeild
42	innlagnir á gjörgæsludeild
133	útskriftir af lyflækningadeild
1.377	komur á bráðamóttöku
55	nemavikur á Sjúkrahúsinu á Akureyri
533	sem nýttu bráðapjónustu Heilsugæslunnar á Akureyri á bráðamóttöku
17.796	rannsóknir unnar á rannsóknadeild
2.475	rannsóknir gerðar á myndgreiningadeild
50	sjúkraflug farin frá Akureyri
235	skurðaðgerðir gerðar á skurðstofu
118	meltingafæraspeglanir gerðar
253	sýni unnin á meinafræðideild
191	útskrift af barnadeild
364	einstaklingsmeðferðir veittar af iðjupjálfum á endurhæfingar- og öldrunarlækningadeildum
1.723	meðferðir veittar af sjúkrapjálfurum
35	þátttakendur á námskeiðum hjá Sjúkraflutningaskólanum
408	milljónir króna greiddar í laun og launatengd gjöld
31	milljónir króna notuð til lyfjakaupa (S-merkt lyf meðtalin)
10.754	tonn af heitu vatni notuð í starfseminni við Eyrarlandsveg
14.162	kíló af þvotti send í þvottahús
103	komur í krabbameinslyfjagjafir á almennri göngudeild
159	blandanir á krabbameinslyfjum í apóteki
1.683	árveknipjónusta og greinar sendar innanhúss frá bókasafni
137	innlagnir á skurðlækningadeild
212	úrlestrar á hjartaritum á rannsóknastofu í lífeðlisfræði
11.052	tonn af köldu vatni notuð í starfseminni við Eyrarlandsveg
13,9	tonnum af sorpi fargað
185	verkbeiðnir úr vkrbeiðnakerfi til tækni- og innkaupadeildar
253.742	Kwh af rafmagni notuð í starfseminni við Eyrarlandsveg
111	ómskoðanir á hjarta
190	ljósameðferðir veittar
71	aðgerð í bæklunarlækningum
1.217	reikningar bókaðir og greiddir
5.833	símtöl sem komu í skiptiborð
494	rannsóknir gerðar á rannsóknastofu í lífeðlisfræði
200	lyfjagjafir á almennu göngudeildinni



**Komur  
á göngudeildir**



**6.450**



**Lífeðlisfræði-  
rannsóknir**



**5.930**

\*Tekið úr starfsemistölum ársins og jafnað á 12 mánuði

Hlutverk – Framtíðarsýn



**Ferliverk  
lækna, viðtöl**



**14.300**



**Sjúklingafjöldi**



**11.180**

**Hlutverk:**

Sjúkrahúsið á Akureyri veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu, þar sem áhersla er lögð á bráðabjónustu og helstu sérgreinameðferðir.

- ♦ Er annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins og gegnir lykilhlutverki í almannavörnum
- ♦ Er kennslusjúkrahús og þekkingarstofnun sem leggur metnað sinn í kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum
- ♦ Leggur áherslu á samvinnu við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni og tekur þátt í uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á landsvísu
- ♦ Er miðstöð sjúkraflugs á landinu

**Framtíðarsýn til 2017:**

- Sjúkrahúsið á Akureyri er miðstöð sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu á Norður- og Austurlandi
- Starfsemin er alþjóðlega vottuð
- ♦ Þjónusta er til fyrirmyndar, biðtími stuttur og sjúklingar ánægðir
- ♦ Sjúklingar eru upplýstir og taka virkan þátt í ákvörðunum um eigin meðferð
- ♦ Starfsemin byggir á gagnreyndri þekkingu og góðri samvinnu
- ♦ Þjónusta hefur eflst með tilkomu sérfræðinga í bráðalækningum
- ♦ Boðið er upp á blóðskilunarmeðferð og fjölbreytta endurhæfingu
- ♦ Sjúkrahótel, líknardeild og ný legudeildarálma hafa verið tekin í notkun
- ♦ Stjórnunarhættir eru góðir og reksturinn hagkvæmur
- ♦ Vinnuferlar eru skilvirkir
- ♦ Rafræn sjúkraskrá og skráning eru til fyrirmyndar
- ♦ Sjúkrahúsið á Akureyri er framsækinn og eftirsóknarverður vinnustaður
- ♦ Umhverfi til rannsókna og þróunar er hvetjandi og öflugur vísindasjóður er til staðar
- ♦ Sjúkrahúsið á Akureyri er eftirsótt kennslusjúkrahús í góðu samstarfi við aðrar mennta- og heilbrigðisstofnanir

## Gildi: ÖRYGGI – SAMVINNA – FRAMSÆKNI

- ♦ Öryggi – Við leggjum áherslu á öryggi sjúklinga og starfsmanna og vinnum störf okkar af fagmennsku
- ♦ Samvinna – Við vinnum saman í þágu sjúklinga og sýnum þeim og samstarfsfélögum virðingu og umhyggju
- ♦ Framsækni – Við berum okkur saman við þá sem skara fram úr



### Gæðavísar

	2011	2012	2013	2014	2015	Markmið 2015
<b>Öryggi</b>						
Bráðar endurinnlagnir innan 30 daga frá útskrift	10,1%	7,7%	8,1%	8,7%	7,9%	<7,5%
Sjúklingar sem fá forvarnasýklalyf á réttum tíma	90%	95%	90%	100%	91%	>95%
Byltur (fjöldi)	58	75	63	93	72	<50
Stunguóhöpp (fjöldi)	-	23	25	22	21	<15
Hlutfall skimaðra sjúklinga* fyrir vannæringu < 24 klst. frá innlögn	-	-	-	-	60%	>60%
Hlutfall skimaðra sjúklinga* fyrir myndun þrýstingssára < 24 klst. frá innlögn	-	-	-	-	46%	>60%
Þátttaka í endurlífgunarnámskeiðum (námskeið >7 klst.)	70%	67%	77%	80%	89%	>95%
<b>Skilvirkir verkferlar og vinnulag</b>						
Meðallegutími bráðadeilda (dagar)	3,7	3,4	3,6	3,6	3,7	<3,5
Hlutfall legusjúklinga sem útskrifast fyrir kl. 12.00	29%	31%	31%	31%	26%	>35%
Hlutfall sjúklinga sem leggjast inn samdægurs fyrir valaðgerð	78%	88%	89%	93%	93%	>90%
Bið eftir þjónustu læknis á bráðamóttöku	-	-	-	88 mín	48 mín	<60 mín
Skráning á ofnæmi í Therapy	-	72%	80%	83%	90%	>98%
Skil læknabréfa (% innan 7 daga)	55%	85%**	42%	47%	60%	>75%
<b>Samstarf og ánægja starfsfólks</b>						
Hlutfall starfsmanna sem fær starfsmannasamtal	18%	20%	75%	15%	33%	>85%
Starfsánægja (skali 1-5; 5 = mikil ánægja)	-	4,1	4,0	4,1	4,2	>4,3
Ánægja nema (skali 1-5)	-	4,5	4,6	4,7	4,7	>4,3
Ánægja með stjórnendur (skali 1-5, stjórnendamat)	-	-	3,8	-	3,8	>4
Veikindahlutfall	4,2%	5,0%	5,1%	5,0%	5,2%	<5%
Starfsmannavelta	5,4%	4,5%	5,4%	4,7%	4,7%	<7%
<b>Ráðdeild í rekstri</b>						
Rekstrarafkoma m.v. áætlun	-0,7%	-0,4%	-1,7%	-0,2%	-0,2%	0%
Launagjöld m.v. áætlun	-1,8%	-1,8%	-3,7%	-1,2%	-0,6%	0%
Önnur gjöld m.v. áætlun	-1,3%	-3,2%	-0,8%	-2,3%	-0,1%	0%
Sértekjur	11,1%	11,5%	12,2%	11,7%	11,1%	11,5%
Hlutfall flokkaðs sorps	49%	44%	52%	50%	49%	60%

\*65 ára og eldri, \*\*september



Horft til framtíðar

Ný þjónusta:

**Blóðskilun vegna nýrnabilunar hafin**



Í marsmánuði var í fyrsta sinn í sögu sjúkrahússins boðið upp á blóðskilun fyrir sjúklinga með endastígs nýrnabilun. Þessi þjónusta er í boði á lyflækningadeild en um er að ræða svokallaða útstöð frá Landspítala háskólasjúkrahúsi (LSH). Þeir sem þurfa á þessari þjónustu að halda hafa fram að þessu þurft að sækja meðferðina á LSH.

Einstaklingar í blóðskilun þurfa að fara í slíka meðferð þrisvar sinnum í viku, fjórar stundir í senn. Svo

tíð ferðalög og dvalir fjarri heimahögum eru mjög íþyngjandi fyrir sjúklinga og aðstandendur og því er mikið ánægjuefni að geta nú boðið upp á þessa þjónustu.

Fjórir hjúkrunarfræðingar af gjörgæslu sóttu þjálfun og kennslu á skilunardeild LSH og sinna verkefninu.

Á lyflækningadeild var ennfremur stofnuð móttaka fyrir langvinna lungnasjúkdóma og fyrir hjartveika. Sú starfsemi er enn sem komið er smá í sniðum en gæti með auknum styrk fækkað endurrinnlögnum og komum á bráðamóttöku.

Ný þjónusta:

**Innkirtlateymi stofnað**

Innkirtlateymi var stofnað í marsmánuði en um þverfaglega starfsemi er að ræða. Í teyminu eru innkirtlasérfræðingur, tveir hjúkrunarfræðingar og nær-ingarráðgjafi. Teymið þjónar sjúklingum með alvarlega og langvinna innkirtlasjúkdóma.



Alls voru 56 sjúklingar skráðir í reglubundnu eftirliti hjá teyminu í desember. Það fer eftir atvikum hvort sjúklingur hittir hjúkrunarfræðing, lækni eða bæði lækni og hjúkrunarfræðing í hverju viðtali. Unnið er að gerð fræðsluefnis, m.a. um viðmið við blóðsykursmælingar og hvað þarf að koma fram í fræðslu fyrir sykursjúka. Teymið kemur einnig að leiðsögn og aðstoð við einstaklinga sem þurfa að nota lyfjadælur.

Ný þjónusta:

**Aukin þjónusta við þolendur ofbeldis**


Geðdeild SAK fékk á vordögum aukið framlag til að fjármagna nýja stöðu sálfræðings sem veita á þolendum ofbeldis aukna aðstoð og meðferð, s.s. vegna áfallastreituröskunar og þunglyndis. Sálfræðingur var ráðinn í 80% stöðu frá og með hausti til að sinna þessum málaflokki.

Þjónusta við þennan sjúklingahóp var efið til muna og biðtími stytur. Farið var í að móta skýrari vinnureglur og komið var á meiri samvinnu innan deilda spítalans, s.s. við neyðarteymi bráðamóttöku. Með því varð eftirfylgd sjúklinga innan spítalans betur tryggð og aðgengi að sálfræðilegri aðstoð varð sýnilegra og styttra. Að auki var farið í að skoða samstarf við utanaðkomandi stofnanir sem sinna þessum málaflokki, s.s. Aflið.



Innra starfið:

**Alþjóðleg vottun starfseminnar**



Sjúkrahúsið á Akureyri hlaut á árinu alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni, fyrst íslenskra heilbrigðisstofnana og raunar á öllum Norðurlöndunum. Vottunaraðilinn er alþjóðlega fyrirtækið DNV GL. Þetta er fyrsti áfanginn á leið til vottunar sjúkrahússins samkvæmt ISO 9001:2015 staðlinum sem stefnt er að árið 2017.

Megin drifkrafturinn í þessari vegferð sjúkrahússins, sem hlotið hefur nafnið Gæðingurinn, er aukið öryggi og betri þjónusta við sjúklinga sem og bætt starfsaðstaða.

Vottunin og sú vinna sem henni tengist skilar markvissari vinnuferlum, auknu öryggi sjúklinga og starfsmanna og tryggir stöðugar umbætur sem munu leiða til skilvirkari þjónustu.

Mannauðurinn:

**Kennslusjúkrahús**

Sjúkrahúsið á Akureyri er kennslusjúkrahús og þekkingarstofnun sem leggur metnað sinn í kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum. Umfangsmikil starfsemi felst í skipulagningu og móttöku nema á Sjúkrahúsið á





Akureyri og koma þeir í klínískt nám úr ýmsum greinum heilbrigðisvísinda. Langstærsti hópurinn kemur úr hjúkrunarfræðibraut heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri en einnig koma nemar í læknisfræði, sjúkrajálfun, iðjubjálfun, myndgreiningu, sjúkraliðanámi o.fl. Erlendir nemar sækja mikið í verknað á sjúkrahúsið sem og íslenskir læknanemar, sem eru við nám erlendis.

Sjúkrahúsið tók á árinu upp formlegt samstarf um framhaldsnám í lyf-lækningum á Íslandi með samstarfi við Landspítala og Royal College of Physicians (RCP). Boðið er upp á fyrri hluta sérnáms á Íslandi sem taka mun þrjú ár, en frekara sérnám verður erlendis. Samstarfið felur m.a. í sér að Íslendingar fá aðgang að námskröfum RCP og rafrænu skráningarkerfi. Skrifleg próf verða haldin hér á landi en verkleg próf í Bretlandi. Standist námslæknar þessar kröfur munu þeir fá nafnbótina MRCP (Member of the Royal College of Physicians) sem er alþjóðlega viðurkennd nafnbót sem eykur enn frekar möguleika íslenskra lækna til sérfræðimenntunar við virtar erlendar stofnanir. Samstarfið styrkir Sjúkrahúsið á Akureyri enn frekar í sessi sem kennslusjúkrahús.



### Umgjörðin:

## Gagngerar endurbætur á bráðamóttöku

Endurbætt bráðamóttaka og sameinuð móttaka myndgreiningadeildar og bráðamóttöku var formlega tekin í notkun í byrjun september. Jafnframt var tekið í notkun nýtt forgangsröðunarkerfi sem miðar að bættu flæði og auknu öryggi sjúklinga og nýtt sjúklingavöktunarkerfi á bráðamóttöku. Á bráðamóttökunni er nú einnig fullkomin einangrunarstofa fyrir sjúklinga sem þurfa á einangrun að halda.

Hjúkrunarfræðingar forgangsráða öllum sjúklingum sem leita á bráðamóttöku eftir alvarleika sjúkdóms eða slyss og stýrir forgangsröðunin því hversu fljótt og hvar á bráðamóttökunni sjúklingnum er síðan sinnt.

Ýmsir öryggisþættir voru jafnframt endurskoðaðir og betrubættir og er það einn liðurinn í alþjóðlegri gæðavottun SAK. Má þar nefna eldvarnarkerfi, hitastillikerfi, aðgangsstýringar og uppsetningu öryggismyndavéla og neyðarhnappa. Segja má að um byltingu sé að ræða, bæði hvað varðar aðkomu og öryggi skjólstæðinga og ekki síður vinnuástöðu starfsfólks.



### Umgjörðin:

## Nýbygging legudeilda í undirbúningi

Þann 9. október var heilbrigðisráðherra afhent skýrsla vinnuhóps um uppbyggingu legudeilda við Sjúkrahúsið á Akureyri. Í skýrslunni kemur fram að nýbygging sé eini raunhæfi kosturinn til að leysa þann vanda sem við blasir í húsnæðismálum sjúkrahússins.

Rýmispörf legudeilda var skoðuð og áætluð út frá ýmsum forsendum, m.a. fjölgun í hópi aldraðra og væntrar breytingar á legudögum eftir aldursþópum í mannfjöldaspám. Niðurstaðan er að byggja þurfi þriggja hæða hús, alls um 8.500 m<sup>2</sup> og er kostnaður gróflega metinn um 5 milljarðar króna. Heilbrigðisráðherra sagði við þetta tækifæri að farið yrði í að meta tillögur hópsins og í framhaldinu að vinna áfram að framgangi þessa brýna en viðamikla verkefni.

### Samfélagið:

## Hollvinasamtök sjúkrahússins

Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri voru formlega stofnuð í desember 2013. Markmið þeirra er að styðja við og styrkja starfsemi sjúkrahússins. Skal það gert með því að vekja athygli á og hvetja til eflingar starfseminnar á opinberum vettvangi í samráði við yfirstjórn sjúkrahússins og eins með öflun fjár til styrktar starfseminni.

Félagsmenn í Hollvinasamtökum SAK eru nú um 1.800 talsins. Þau hafa, þrátt fyrir stuttan starfstíma, fært sjúkrahúsinu marga tugi milljóna króna til kaupa á lækningatækjum og búnaði. Þau hafa einnig komið að ýmsum samfélagsviðburðum í samstarfi við Sjúkrahúsið, m.a. árlegum SAK-degi á Glerártorgi.

Öflug starfsemi Hollvinasamtakanna er sjúkrahúsinu ómetanleg og endurspeglar þá velvild sem ríkir í garð starfsemi SAK í samfélaginu.






Tölulegar upplýsingar

Setnar stöður - samanburður milli ára - (Afleysingar meðtaldar)	2015	2014	2013	2012	2011	Mism, 15/14	Mism, 15/11
Sérfræðingar og stjórnendur í lækningum .....	46,94	44,0	42,4	40,0	40,5	2,9	6,4
Aðstoðarlæknar .....	13,64	13,0	12,8	13,2	13,6	0,7	0,0
<b>Læknar</b>	<b>60,6</b>	<b>57,0</b>	<b>55,2</b>	<b>53,2</b>	<b>54,1</b>	<b>3,6</b>	<b>6,5</b>
Lyfjafræðingar/næringarráðgjafar .....	3,52	2,4	1,7	1,7	1,4	1,1	2,2
Lífeindafræðingar .....	20,39	21,7	20,3	20,1	21,7	-1,3	-1,3
Geislafræðingar .....	10,86	11,2	10,4	11,0	10,3	-0,3	0,5
Sjúkraþjálfarar .....	8,28	8,2	8,0	7,7	7,4	0,1	0,8
Iðjuþjálfar .....	7,93	7,3	7,3	6,7	6,8	0,6	1,2
Aðrir og aðstoðarmenn .....	10,51	9,9	8,5	9,9	10,6	0,6	-0,1
<b>Geisla-, lyfja- og lífeindafr., þjálfarar</b>	<b>61,5</b>	<b>60,6</b>	<b>56,4</b>	<b>57,1</b>	<b>58,2</b>	<b>0,9</b>	<b>3,3</b>
Stjórnendur í hjúkrun, verkefnastjórar .....	10,61	9,9	9,9	11,5	11,2	0,7	-0,6
Hjúkrunarfr., ljósmæður, nemar .....	128,94	129,1	127,2	125,0	126,8	-0,1	2,2
<b>Hjúkrunarfræðingar, ljósmæður</b>	<b>139,6</b>	<b>138,9</b>	<b>137,1</b>	<b>136,5</b>	<b>138,0</b>	<b>0,6</b>	<b>1,5</b>
Sjúkraliðar og nemar .....	53,57	52,7	51,1	51,5	53,8	0,9	-0,2
Deildarritarar .....	3,17	3,0	3,0	2,9	2,7	0,2	0,5
Býtibúur og ræsting .....	18,77	19,0	19,3	27,0	28,5	-0,3	-9,7
Aðstoð við hjúkrun .....	5,45	6,3	6,9	4,4	4,9	-0,8	0,5
